

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1474

2016/EES/18/14

frá 27. ágúst 2015

um notkun á endurnýttu heitu vatni til að fjarlægja örverufræðilega mengun af yfirborði skrokka (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 3. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Markmiðið með tilskipun ráðsins 98/83/EB ⁽²⁾ er að vernda heilbrigði manna gegn skaðlegum áhrifum frá menguðu neysluvatni með því að tryggja að það sé heilnæmt og hreint. Í A- og B-hluta I. viðauka við þá tilskipun eru settar fram þær örverufræðilegu og efnafræðilegu breytur sem neysluvatn þarf að uppfylla.
- 2) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 ⁽³⁾ er mælt fyrir um almennar reglur fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja um hollustuhætti vegna matvæla, einkum með hliðsjón af meginreglunni varðandi almenna framkvæmd aðferðanna sem grundvallast á greiningu á hættu og mikilvægum stýristöðum (GÁHMSS).
- 3) Í reglugerð (EB) nr. 852/2004 er „drykkjarhæft vatn“ skilgreint sem vatn sem uppfyllir þær lágmarkskröfur sem mælt er fyrir um í tilskipun 98/83/EB.
- 4) Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu er gildi fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja. Í henni er kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja skuli ekki nota önnur efni en drykkjarhæft vatn til að fjarlægja mengun af yfirborði afurða úr dýraríkinu nema notkun efnanna hafi verið samþykkt í samræmi við þá reglugerð.
- 5) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 ⁽⁴⁾ er mælt fyrir um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu, sem eru ætlaðar til manneldis, og er einkum mælt fyrir um að eftirlitið feli í sér úttektir á góðum hollustustarfsvenjum ásamt verklagsreglum sem grundvallast á GÁHMSS-kerfinu.
- 6) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 ⁽⁵⁾ er mælt fyrir um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir tilteknar örverur og framkvæmdarreglur sem stjórnendur matvælafyrirtækja verða að uppfylla við framkvæmd almennra og sértækra ráðstafana um hollustuhætti sem um getur í reglugerð (EB) nr. 852/2004.
- 7) Hinn 30. september 2010 samþykkti vísindanefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um líffræðilega hættu vísindalegt álit á öryggi og skilvirkni þess að nota endurnýtt heitt vatn til að afmenga kjötskrokka ⁽⁶⁾.
- 8) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu að endurnýtt heitt vatn sé jafn skilvirkt og heitt drykkjarhæft vatn til að draga úr örverufræðilegri yfirborðsmengun og við notkun þess telst örverufræðilega áhættan, sem tengist tilteknum hitaþolnum bakteriugróum, helsta áhættan sem skiptir máli.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 225, 28.8.2015, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2016 frá 5. febrúar 2016 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

⁽²⁾ Tilskipun ráðsins 98/83/EB frá 3. nóvember 1998 um gæði neysluvatns (Stjtið. EB L 330, 5.12.1998, bls. 32).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli (Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1).

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis (Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206).

⁽⁵⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 frá 15. nóvember 2005 um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli (Stjtið. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 1).

⁽⁶⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(9), 1827.

- 9) Unnt er að halda þessari áhættu í skefjum með því að sjá til þess að endurnýtt heitt vatn sé hitað í samræmi við lágmarkskröfur um hita og tíma og að endurnýtingin fari fram þannig að örverufræðilegar og efnafræðilegar breytur séu í samræmi við kröfur um drykkjarhæft vatn eins og mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 852/2004 og því er áhætta í tengslum við endurnýtt heitt vatn ekki meiri en í tengslum við heitt drykkjarhæft vatn.
- 10) Að auki tilgreinir og skilgreinir Matvælaöryggisstofnunin GáHMSS-viðmiðanir til að ná fyrirhugaðri skilvirkni að því er varðar endurnýtt heitt vatn og til að halda hugsanlegri áhættu í skefjum. Þessar viðmiðanir fela m.a. í sér skuldbindingu fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja um að safna gögnum um tilvist og hugsanlega uppsöfnun tiltekinnar bakteríuþróa í heitu endurnýttu vatni sem er notað til að fjarlægja örverufræðilega mengun af yfirborði skrokka.
- 11) Í ljósi álits Matvælaöryggisstofnunarinnar, að teknu tilliti til þess að endurnýtt heitt vatn getur verið viðbótarúrræði til að ná markmiðum reglugerða (EB) nr. 852/2004, (EB) nr. 853/2004, (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 2073/2005 og notkun þess hefur gefur aukinn ávinning í tengslum við verndun umhverfis og orkunýtni, er rétt að samþykkja notkun stjórnenda matvælafyrirtækja á endurnýttu heitu vatni til að fjarlægja örverufræðilega mengun af yfirborði skrokka.
- 12) Notkun á endurnýttu heitu vatni má þó ekki hafa áhrif á skyldu stjórnenda matvælafyrirtækja til að fara að kröfum í löggjöf Sambandsins um hollustuhætti á sviði matvæla eins og mælt er fyrir um í reglugerðum (EB) nr. 852/2004, (EB) nr. 853/2004, (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 2073/2005. Fella ætti slíka notkun inn í kerfi sem grundvallast á GáHMSS og ætti ekki undir neinum kringumstæðum að líta svo á að notkunin komi í stað góðra hollustustarfsvenja og verklagsreglna við slátrun eða sem valkostur til að uppfylla kröfurnar í þessum reglugerðum.
- 13) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og föður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Stjórnendum matvælafyrirtækja er heimilt að nota endurnýtt heitt vatn til að fjarlægja örverufræðilega mengun af yfirborði skrokka í samræmi við notkunarskilyrðin sem sett eru fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. ágúst 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

I. hluti — Skilyrði fyrir notkun á endurnýttu heitu vatni til að fjarlægja örverufræðilega mengun af yfirborði skrokka

1. Endurnýtt heitt vatn verður að koma frá hitun og endurnýtingu á drykkjarhæfu vatni í lokuðu og aðskildu kerfi.
2. Endurnýtt vatnið verður að fara í gegnum:
 - a) hitun í samræmi við lágmarkskröfur um hita og tíma áður en það er notað á skrokka, sem skal tryggja samræmi við örverufræðilegar breytur fyrir drykkjarhæft vatn,
 - b) endurnýtingu með viðeigandi tíðni, þ.m.t., ef nauðsyn krefur, fleytingu grófra agna, síun og íblöndun drykkjarhæfs vatns, sem skal tryggja samræmi við efnafræðilegar breytur fyrir drykkjarhæft vatn.
3. Eingöngu má nota endurnýtt heitt vatn á heila skrokka eða hálfá skrokka af tömdum hóf- og klaufdýrum og öldum veiðidýrum við stýrð og sannprófuð skilyrði.
4. Ekki má nota endurnýtt heitt vatn á skrokka sem eru með sýnileg merki um saurmengun.
5. Notkun á endurnýttu heitu vatni á skrokka má ekki hafa í för með sér neinar eðlisbreytingar á kjötinu sem ekki ganga til baka.
6. Notkun á endurnýttu heitu vatni á skrokka verður að fara fram áður en skrokkarnir eru settir í kæli- eða frystiklefa.
7. Fella skal skilyrðin í 2. og 3. lið þessa liðar inn í verklagsreglurnar sem byggjast á meginreglunum um greiningu á hættu og mikilvæga stýristaði (GáHMSS), m.a. að minnsta kosti viðmiðanirnar sem settar eru fram í II. hluta.

II. hluti — Lágmarksviðmiðanir og eftirlitsbreytur fyrir GáHMSS

1. Í því skyni að meta reglufylgni í skilningi reglugerðar (EB) nr. 2073/2005 skal sýnataka úr skrokkum fara fram áður en endurnýtt heitt vatn er notað á skrokkana.
2. Hitun á endurnýttu vatni í samræmi við lágmarkskröfur um hita og tíma áður en það er notað á skrokka skal stöðugt vöktuð með mælingum með mælitækjum, skjalfest og skráð.
3. Reglulega skal sannprófa hvort endurnýtt vatn, sem er notað á skrokka, sé í samræmi við örverufræðilegar og efnafræðilegar breytur fyrir drykkjarhæft vatn með prófunum á vatni og skal það skjalfest og skráð.
4. Reglulega skal sannprófa hvort endurnýtt vatn, sem er notað á skrokka, sé í samræmi við vísibreytur að því er varðar *Clostridium perfringens* fyrir drykkjarhæft vatn með prófunum á vatni og skal það skjalfest og skráð.